

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

1. gr.

Við viðauka 1, A hluta, sem ber yfirskriftina „Eingildur áburður, sem aðeins inniheldur eitt aðalnæringarefni, 1 köfnunarefni“ bætast töluliðirnir 1e, 15b, 15c og 18 eftir því sem við á og um getur í viðauka I við þessa reglugerð. Töluliður 15 í núgildandi reglugerð verður töluliður 15a í samræmi við breytinguna.

2. gr.

Við viðauka 1, C hluta, sem ber yfirskriftina „Áburður með aukannæringarefni kalk, magnesíum eða brennistein sem aðaluppistöðu“ bætast töluliðirnir 5.2. og 5.3. eftir því sem við á og um getur í viðauka II með þessari reglugerð.

3. gr.

Við viðauka 5, A hluta, sem ber yfirskriftina „Eingildur áburður. Frávik í N, P, K, og Cl“, undir lið 1, sem ber yfirskriftina „Köfnunarefnisáburður N“ bætist eftirfarandi vara og vikmörk:

Þvagefnisammóníumsúlfat	0,5%
Kalkníturat í vökvaformi	0,4%
Köfnunarefnisáburðarlausn með þvagefnisformaldehýði	0,4%
Köfnunarefnisáburðarupplausn með þvagefnisformaldehýði	0,4%

4. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við tilskipun ráðsins (EBE) nr. 116/76 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð, sbr. breytingar á þeirri reglugerð með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/96 og 3/98 og samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1999.

Guðni Ágústsson.

Dís Sigurgeirsdóttir.

VIÐAUKI I

Nr.	Tegundahiiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og mæginhræfni.	Lámarksnæringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundahiiti.	Næringarefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
1e	Kalknitrat í vökvaformi.	Vara með kalknitratu uppleystu í vatni.	8% N. Köfnunarefni gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis eða sem nitrats og ammóníaksköfnunarefni. Hámarksinnihald ammóníaksköfnunarefnis: 1,0%, 14% CaO. Kalsíum gefið upp sem vatnsleysanlegt CaO.	Heimilt er að láta eina af eftirfarandi ábendingum fylgja tegundarheitiinu: -notist til laufdúðunar -notist í næringarefnalausnir og -sviflausnir -notist sem fljóttandi áburður.	Heildarmagn köfnunarefnis. Nitratsköfnunarefni. Vatnsleysanlegt kalsíumoxíð.
15b	Köfnunarefnisáburðarlausn með þvagefnisformaldehýði.	Vara unnin með kemískri aðferð eða með því að leysa þvagefnisformaldehýð upp í vatni og inniheldur köfnunarefnisáburð úr tölulíðum 1-14 í viðauka 1, A-hluta-1, þessarar reglugerðar nr. 398/1995, að vörnum í 3 a), 3 b) og 5 undanskildum.	18% N gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis. Minnst þrjújungur af yfirýstu heildarmagn köfnunarefnis verður að koma úr þvagefnisformaldehýði. Hámarksinnihald bíúrets: (þvagefnis-N + þvagefnisformaldehýð N) x 0,026.	...	Heildarmagn köfnunarefnis. Ef magn þess er minnst 1%: -nitratsköfnunarefni -ammóníaksköfnunarefni. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði.
15c	Köfnunarefnisáburðarupplausn með þvagefnisformaldehýði.	Vara unnin með kemískri aðferð eða með því að leysa þvagefnisformaldehýð upp í vatni og inniheldur köfnunarefnisáburð úr tölulíðum 1-14 í viðauka 1, A-hluta-1, þessarar reglugerðar nr. 398/1995, að vörnum í 3 a), 3 b) og 5 undanskildum.	18% N gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis. Minnst þrjújungur af yfirýstu heildarmagn köfnunarefnis verður að koma úr þvagefnisformaldehýði en af því verða minnst þrjú fimmtu að vera uppleysanlegir í heitu vatni. Hámarksinnihald bíúrets: (þvagefnis-N + þvagefnisformaldehýð N) x 0,0026.	...	Heildarmagn köfnunarefnis. Ef magn þess er minnst 1%: -nitratsköfnunarefni -ammóníaksköfnunarefni -þvagefnisformaldehýði Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði sem er uppleysanlegt í köldu vatni. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði sem er aðeins uppleysanlegt í heitu vatni.
18	Þvagefnisammóníum-sulfat.	Vara unnin með kemískri aðferð úr þvagefni og ammóníumúlfati.	30% N. Köfnunarefni gefið upp sem ammóníaks- og þvagefnisformaldehýði. Lágmarksinnihald ammóníaksköfnunarefnis: 4% Lágmarksinnihald brennisteins gefið upp sem brennisteinsþríoxíð: 12%. Hámarksinnihald bíúrets: 0,9%.	...	Heildarmagn köfnunarefnis Ammóníaksköfnunarefni Þvagefnisformaldehýði Vatnsleysanlegt brennisteinsþríoxíð.

VIÐAUKI II

Nr.	Tegundatheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og mæginhráefni.	Lámarksnæringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundahetti.	Næringarefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2.	3	4	5	6
5.2	Magnesiumhydroxíð.	... Vara unnin með kemískri aðferð, undirstöðuefni er magnesiumhydroxíð.	... 60% MgO. Kornastærð: minnst 99% komast í gegnum sigti með móskevavidd 0,063 mm. Heildarmagn magnesiumoxíðs.
5.3	Magnesiumhydroxíð-vökvi.	Vara unnin með því að leysa upp magnesiumhydroxíð.	24% MgO.		Heildarmagn magnesiumoxíðs.*